



Reglur um tilnefningu listamaður Borgarbyggðar

1. gr. Markmið

Útnefning listamanns Borgarbyggð er gerð í þeim tilgangi að efla áhuga íbúa og annarra á listum og listsköpun innan sveitarfélagsins og um leið að vekja áhuga á þeim listamönnum sem búa og/eða starfa í Borgarbyggð.

2. gr. Val á listamanni

Atvinnu-, markaðs-, og menningarmálanefnd Borgarbyggðar veitir listamanni í sveitarfélaginu nafnbótina *listamaður Borgarbyggðar* ár hvert. Ákvörðun um val á listamanni er tekin af nefndinni og er niðurstaðan gerð opinber í fundargerð nefndarinnar eftir afgreiðslu erinda.

Þegar tilnefningar eru metnar skal tekið mið að þeim viðurkenningum sem viðkomandi listamaður hefur hlotið og útbreiðslu verka hans. Einnig skal litið til þess hverjir teljast efnilegir á sínu listasviði.

Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast einstaklingum eða hópi.

3. gr. Tilnefningar

Atvinnu-, markaðs-, og menningarmálanefnd auglýsir eftir tilnefningum með rökstuðningi um listamann, en er þó ekki bundin af því. Nefndin skal ákveða hvar auglýsing birtist. Þó skal ávallt óska eftir tilnefningum á vefmiðlum Borgarbyggðar.

Tilnefningar þurfa að berast fyrir 25. maí ár hvert. Listamaðurinn er útnefndur á 17. júní ár hvert og skal bera titilinn í eitt ár frá þeirri dagsetningu.

Tilnefningum skal skila rafrænt á netfangið mannlif@borgarbyggd.is.



4. gr. Forsendur fyrir vali

Aðeins þeir listamenn sem eru með lögheimili í Borgarbyggð koma til greina. Ef um hóp listamanna er að ræða þarf meirihluti þeirra að falla undir skilgreininguna.

Einstaklingur og eða hópur getur fengið nafnbótina oftari en einu sinni, en þó skulu aldrei líða færri en fimm ár á milli þess sem sami aðili fær nafnbótina.

5. gr. Styrkveiting

Listamaðurinn skal hljóta styrk með nafnbótinni. Styrkurinn skal vera ákveðin upphæð á ári samkvæmt fjárhagsáætlun.

Greiða skal út styrkinn í lok júní ár hvert.

6. gr. Skyldur listamannsins

Listamaðurinn sem hlýtur nafnbótina skal á því ári sem hann hlýtur nafnbótina þar til arftaka hans tekur við, láta sveitarfélagið og íbúa þess njóta listar sinnar að minnsta kosti einu sinni. Það getur verið með sýningar- eða tónleikahaldi, í samstarfi við félög sveitarfélagsins og skóla, eldri borgara og/eða aðra listamenn í sveitarfélaginu í samráði við atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd og forstöðumann menningarmála.

Í lok starfsárs skal listamaður gera atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd stuttlega grein fyrir því á hvaða hátt íbúar hafa notið listar hans á því ári sem er að líða.

Nefndin mælist til þess að listamaður sveitarfélagsins láti nafnbótina koma fram sem víðast. Borgarbyggð mun útbúa tengil á heimasíðu sína, þar sem listamaður hvers árs er kynntur, helstu verkefni og væntanlegir viðburðir.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í sveitarstjórn.

Samþykkt á xx. fundi sveitarstjórnar xx.xx.2022.